

Ed.

413. Breytingartillögur

[18. mál]

við frv. til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Guðmundi Karlssyni og Salome Þorkelsdóttur.

1. Við 55. gr. 6. mgr. falli niður.
2. Við 73. gr. 4. mgr. orðist svo:
Ráðherra er heimilt að skipta stofnuninni í deildir að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.
3. Við 74. gr. 1. mgr. orðist svo:
Ráðherra skipar stjórn stofnunarinnar þannig:
Þrjú stjórnarmenn tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands, tvo stjórnarmenn tilnefnda af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn stjórnarmann tilnefndan af Vinnuálagssambandi samvinnufélaganna, einn stjórnarmann tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn stjórnarmann tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn stjórnarmann án tilnefningar. Varamenn í stjórnina skulu skipaðir á sama hátt.
4. Við 77. gr. 4. mgr. falli niður.
5. Við 100. gr. 1. málsl. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.
6. Við bráðabirgðaákvæði.
 - a) Við 3. tl. Í stað „300 milljónir króna“ komi: 500 milljónir króna.
 - b) Nýr tölulíður komi er orðist svo:
Lög þessi skal endurskoða í samráði við aðila vinnumarkaðarins og stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra.